

## STAÐA MÁLS

Málnr.: **19-001F001**

Dags: **4. janúar 2019**

Staður: **Í klifri frá Keflavíkurflugvelli**

Lýsing: **Veikindi flugfreyja**

Staða máls: **Febrúar 2020: Í rannsókn**

Þann 4. janúar 2019 barst RNSA tilkynning frá Icelandair um að flugvél TF-ISP, sem er Boeing 767-300 flugvél, væri að snúa við til Keflavíkur vegna veikindi flugfreyja um borð. Rannsóknarnefnd samgönguslysa var þá þegar með nokkur önnur sambærileg mál til rannsóknar vegna veikinda áhafnameðlima.

Við rannsókn RNSA á atvikinu kom í ljós að þrjár flugfreyjur veiktust í fluginu auk þess að ein til viðbótar fann til vægra einkenna. Þrjár flugfreyjur þurftu súrefni og var ein þeirra óvinnufær í fluginu. Læknir var um borð í fluginu og sinnti hann umönnun flugfreyjunnar sem var óvinnufær.

Þar sem að tilkynningin barst RNSA þegar flugvélin var enn á flugi á leið til baka til Keflavíkurflugvallar, þá gafst RNSA tækifæri á að taka á móti flugvélinni og taka ýmis efnasýni um borð í flugvélinni strax að lokinni landingu sem nefndinni hafði ekki gefist kostur á í fyrri rannsóknum.

RNSA skoðar hvort að starfsumhverfi flugfreyjanna tengist veikindunum, en tvö sambærileg mál<sup>1</sup> á B767 flugvélum hafa verið sameinuð þessari rannsókn. Rannsókn RNSA beinist að hreyflum og hreyflaviðhaldi.

---

<sup>1</sup> TF-ISN þann 16.12.2017 og TF-ISW 26.03.2019